

**23. september 2019**

## **Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir skuldabréfaflokksins HEIMA071248**

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 12. desember 2018, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, dags. 6. september.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir, verðmat sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

<b>Fjárhagsleg skilyrði</b>		<b>Skilyrði</b>	<b>Niðurstaða útreiknings</b>	<b>Skilyrði staðist</b>
Lánaþekja:	Hlutfall uppgreiðsluverðmætis útistandandi verðtryggðra kafna gagnvart verðmæti hinna veðsettu eigna.	Aldrei hærri en 70%	63,7%	<b>Já</b>
Vaxtaþekja:	Hreinar leigutekjur veðandlagsins deilt með reiknuðum vöxtum af veðtryggðum kröfum á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægri en 1,5	2,04	<b>Já</b>
Eiginfjárhlutfall útgefanda:	Heildar eigið fé útgefanda á móti heildareignum samstæðu útgefanda.	Skal að lágmarki nema 25%	34,5%	<b>Já</b>
<b>Tryggingaleg skilyrði</b>				
Staðsetning veðsettra eigna:	Útreikningur staðsetningu eigna m.v. virði. Gerð er krafa um að 65% að lágmarki sé á höfuðborgarsvæðinu og þar af sé 25% að lágmarki staðsett í Reykjavík. Utan höfuðborgarsvæðis skal að hámarki vera 35% af virði eignasafns.	25% að lágmarki Reykjavík 65% að lágmarki á höfuðborgarsvæðinu 35% að hámarki utan höfuðborgarsv.	39% Reykjavík 71% hb.svæðið 29% utan hb.svæðis	<b>Já</b>

Yfirferð staðfestingaraðila á verðmæti hinna veðsettu eigna samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir því staðfest miðað við dagsetninguna 30.6.2019.

**PwC staðfestir hér með að skuldabréfaflokkurinn HEIMA071248 stenst öll ofangreind skilyrði miðað við dagsetninguna 30.6.2019**